

Fræðsluáætlun Barna- og fjölskyldustofu



Vor 2023

Námskeið

Nýliðanámskeið

Námskeiðslýsing: Námskeið fyrir nýja og nýlega barnaverndarstarfsmenn um starfshætti barnaverndarþjónusta. Farið verður yfir skipulag barnaverndarmála, barnaverndarlögin og málsmeðferðarreglur í barnavernd. Ennfremur samspil barnaverndar og farsældar/sambættingar, vinnulag, skráningu, greinargerðir og úrræði í barnavernd, bæði innan og utan heimilis.

Dags. 25. janúar 2023 kl. 10:00-16:00 og 26. janúar 2023 kl. 9:00-16:00.

Nýliðanámskeiðið verður haldið í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21. Námskeiðið verður ekki aðgengilegt í streymi.

Fræðsluerindi

Áætlanagerð og verklag

Lýsing: Farið verður dýpra í áætlanagerð og verklag í barnaverndarvinnu sem komið var inn á í nýliðanámskeiði. Meðferðaráætlanir, stuðningsáætlanir, markmiðssetningar, vinnulag o.fl. Einkum ætlað starfsfólki barnaverndarþjónustu (ekki eingöngu nýliðum).

Dags. 10. febrúar 2023 kl. 9:00-9:50

Fræðsluerindið verður haldið í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21 og verður einnig aðgengilegt í streymi.

Úrræði Barna- og fjölskyldustofu

Lýsing: Kynnt verða úrræði BOFS, hvaða markhóp hægt er að sækja um fyrir í hvert úrræði, hvernig sótt er um og hvaða upplýsingar þurfa að fylgja umsókninni. Einkum ætlað starfsfólki barnaverndarþjónustu (ekki eingöngu nýliðum).

Dags. 10. febrúar 2023 kl. 10:00-11:50

Fræðsluerindið verður haldið í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21 og verður einnig aðgengilegt í streymi.

Breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002

Lýsing: Skipulag barnaverndarþjónustu og umdæmisráða í kjölfar breytinga á barnaverndarlögum. Áskoranir, hindranir, tækifæri, hvað er óljóst við breytingarnar. Einkum ætlað starfsmönnum barnaverndarþjónustu.

Dags. 10. mars 2023 kl. 10:40-12:00

Fræðsluerindið verður haldið í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21 og verður einnig aðgengilegt í streymi.

Farsæld: Samþætting farsældar og barnaverndarlaga

Lýsing:

Breytingar sem hafa átt sér stað á vinnslu barnaverndarmála við gildistöku farsældarlaga. Áskoranir, hindranir og tækifæri. Einkum ætlað starfsmönnum barnaverndarþjónustu og starfsfólki félagsþjónustu sem kemur að innleiðingu farsældar barna.

Dags. 10. mars 2023 kl. 13:00-15:00

Fræðsluerindið verður haldið í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21 og verður einnig aðgengilegt í streymi.

Barnahús – meðferðarleiðir og nálgun

Lýsing: Kynnt verður starfsemi Barnahús þar sem áhersla er á meðferðarvinnu sem þar fer fram.

Dags. Auglýst síðar

Fræðsluerindið verður haldið í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21 og verður einnig aðgengilegt í streymi.

Vinnustofa Meðferðarsviðs BOFS og barnaverndarstarfsmanna

Lýsing: Farið verður yfir verkferla, samstarf og annað sem viðkemur vistunum á úrræðum á vegum Meðferðarsviðs BOFS. Ætlað starfsfólki barnaverndar sem kemur að málefnum ungmenna og/eða barna sem þurfa úrræði á vegum Meðferðarsviðs. Nánari lýsing síðar.

Dags.auglýst síðar, líklega síðari hluta mars eða byrjun apríl 2023

Málstofur/kynningar

Kynning á skýrslunni *Málavog í barnavernd. Úttekt á áreiðanleika, uppbyggingu og notkunarmöguleikum.*

Kynning á skýrslu um úttekt á Málavog sem Halldór S. Guðmundsson og Kjartan Ólafsson gerðu fyrir Barna- og fjölskyldustofu í febrúar-október 2022.

Dags: 19. janúar 2023 kl. 10:30-12:00.

Kynningin verður haldin í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21 og verður einnig aðgengileg í streymi.

Málstofuröð: Barnavernd á COVID tímum

Lýsing: Um er að ræða morgunverðarmálstofur sem opnar eru öllum, með það að markmiði að draga lærdóm af COVID-19 faraldrinum út frá sjónarhóli barnaverndar.

Málstofurnar eru áframhald á málstofum er voru sl. haust, allar undir hattinum “Barnavernd á COVID tímum”, hver með sína áherslu:

1. Börn foreldra í áfengis og/eða fíkniefnaneyslu, **dags. 3. febrúar.**
2. Áhættuhegðun og líðan unglinga, **dags. 10. mars.**

Málstofurnar verða haldnar í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21 og verða einnig aðgengilegar í streymi.

Annað

Fræðsla um farsæld og innleiðingu samþættingar

Unnið er að fræðslu um innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, m.a. í samvinnu við Mennta- og barnamálaráðuneytið. Samhliða útfærslu á netnámskeiðum veitir farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu fræðslu til fagaðila þar sem leitast er við að bjóða upp á dýpri yfirferð yfir hlutverk tengiliða og raunhæfum álitefnum og áskorunum velt upp út frá reynslu þjónustuveitenda og tengiliða sem starfa skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Sé óskað eftir slíkri fræðslu, hafið samband við Barna- og fjölskyldustofu (bofs@bofs.is).

Skráning á erindin er í gegnum netfangið fraedsla@bofs.is

Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar